

Fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

15. apríl 2015 kl. 10:00 – 12:00 í utanríkisráðuneytinu

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

Fundarstjóri: Þorsteinn Ingólfsson, formaður.

Fulltrúar í samstarfsráði: Drífa Hjartardóttir, Guðmunda Vala Jónasdóttir, Haukur Már Haraldsson, Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir, Erna Reynisdóttir (varamaður), Ólafur Garðar Halldórsson, Ragnar Gunnarsson, Ragnar Schram, Bjarni Gíslason (varamaður). Þorsteinn Ingólfsson.

Starfsmenn utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands: María Erla Marelsdóttir, Þórarinna Söebeck, Anna Pála Sverrisdóttir (fundarritari), Engilbert Guðmundsson.

Inngangsorð formanns

Formaður bauð fundarmenn velkomna og rifjaði upp að á sérstökum fundi með utanríkisráðherra um haustið hafi ráðið fengið kynningu frá Þóri Guðmundssyni á niðurstöðum úttektar sinnar á skipulagi þróunarsamvinnu, friðargæslu og mannúðar- og neyðaraðstoð. Utanríkisráðherra hafi tilkynnt ráðinu að hann hygðist fara eftir tillögu Þóris og leggja fram frumvarp um samruna þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ.

Dagskrá fundarins

Formaður útskýrði að á dagskrá fundarins væri aðeins eitt stórt mál: Drög að þingsályktunartillögu um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2016-2019. Undir dagskrárliðnum „önnur mál“ myndi hann þó fara yfir það sem efst væri á baugi í þróunarsamvinnumálum hér heima og á alþjóðavettvangi.

Fundardagskráin var samþykkt.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fram kom að frásögn sérstaka fundarins á undan lægi því miður ekki fyrir. Orsakir lægju m.a. í fríum starfsmanna og undirmönnunar á skrifstofunni, en henni yrði komið til ráðsmanna við fyrsta tækifæri.

2. Drög að tillögu til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2016-2020

Á fundinum voru lögð fram ný drög að áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu 2016-2020. María Erla Marelsdóttir skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, kynnti drögin. Að kynningu lokinni var opnað fyrir athugasemdir og fyrirspurnir. Fram kom

að þar sem ekki var hægt að senda ráðsmönnum drögin fyrirfram, væri þeim boðið upp á að senda inn ábendingar þar til í lok vikunnar.

Í máli Maríu Erlu kom meðal annars fram að undirliggjandi markmið í þessari endurskoðuðu áætlun, væri meðal annars skýrari aðgreining milli stefnu og aðgerða. Horft sé til draga að nýjum markmiðum um sjálfbæra þróun. Í drögunum séu tölur um hlutfall af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu byggðar á hagspá frá nóvember 2014. Samkvæmt drögunum sé stefnt að því að ná núverandi meðaltali DAC árið 2019, þ.e. 0,3%. Áhersla sé á að bæta í varðandi kjarnaframlög, sem séu lág. Sama eigi við um mannúðaraðstoð.

Ráðið, ásamt starfsmönnum utanríkisráðuneytis og ÞSSÍ, ræddi drögin ítarlega. Almenn þótti ráðsmönnum drögin vel unnin. Ábendingar og athugasemdir bárust meðal annars um að samstarfi við háskólasamfélagið mætti lyfta þar betur upp; ræða hugtakanotkun tengda næringarmálum; að spurningarmerki mætti setja við stuðning við jarðhitauppbyggingu í Úkraínu; að gott væri að fá í hendur greiningu á möguleikum einkageirans á þátttöku í þróunarsamvinnu vegna umfjöllunar um slíkt í drögunum; að slakt sé að markmiði um 0,7% þjóðartekna til þróunarsamvinnu hafi verið skipt út fyrir 0,3% markmið um framlög árið 2019; að miklu skipti að bæði stefnunni og aðgerðum á grundvelli hennar verði miðlað til almennings; að óæskilegt væri að lækka hlutfall framlaga til borgarasamtaka úr 8% í 6%; og að æskilegt væri að milda kröfur um 30% mótframlag félagasamtaka við verkefnastyrki.

Þorsteinn lagði til að Samstarfsráðið lýsti stuðningi við drög þessi en með fyrirvara um að einstökum ráðsmönnum gæfist færi á að gera athugasemdir innan gefins frests. Þessi tilhögun var samþykkt í ráðinu.

3. Önnur mál

Formaður fór yfir stöðuna á frumvarpi utanríkisráðherra um breytingar á lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Þá skýrði hann frá því að í haust, 2015, muni utanríkisráðherra leggja fram skýrslu sína til Alþingis, um árangur í þróunarsamvinnu árin 2013 og 2014. Loks minnti hann á að árið 2015 sé stórt ár á alþjóðavettvangi í þróunarmálum: Á vettvangi SP væri verið að semja um ný markmið um sjálfbæra þróun, sem taka munu við af Þúsaldarmarkmiðunum á næsta ári. Annað stórt samningaferli um fjármögnun þróunarmála væri í gangi samhliða því og muni ljúka með þriðju alþjóðlegu ráðstefnunni um fjármögnun þróunarmála í Addis Ababa í Eþíópíu í júlí. Þriðja ferlinu ljúki með mikilvægum fundi Loftslagssamnings SP í París í desember, þar sem ganga eigi frá nýju samkomulagi í loftslagsmálum en á þeim málum sé sterkur þróunarsamvinnuvinkill.